

Nd.

## 414. Breytingartillögur

[102. mál]

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá Ágúst Þorvaldssyni, Hannibal Valdimarssyni og Birni Pálssyni.

1. Við 5. gr. Aftan við 2. málsg. bætist:  
Skrifstofu- og ferðakostnaður greiðist að hálfu af hvorum þessara aðila.
2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:  
Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:
  - I. Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir og handgrafnir opnir skurðir, svo og hvers konar lokuð ræsi):  
Framlag 85% kostnaðar.
  - II. Jarðrækt:
    - a. Frumvinnsla lands vegna grænifóðurs- og kornræktar.
    - b. Túnrækt á söndum.
    - c. Túnrækt á vallendi, móum og melum.
    - d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi.
    - e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis.
    - f. Grjótnám.  
Framlag 25% kostnaðar.
  - III. Girðingar um ræktunarlönd:
    - a. Sex strengja gaddavirsgirðing.
    - b. Fimm strengja gaddavirsgirðing.
    - c. Þriggja strengja gaddavirsgirðing á skurðbakka.
    - d. Vírnetsgirðing með einum gaddavirsstreng.  
Framlag 25% kostnaðar.
  - IV. Þurrheyshlóður úr varanlegu efni:  
Framlag 15% kostnaðar.
  - V. Votheyshlóður úr varanlegu efni:  
Framlag 25% kostnaðar.
  - VI. Áburðargeymslur:
    - a. Safnþrær.
    - b. Áburðarhús, haugstæði og kjallarar.  
Framlag 25% kostnaðar.
  - VII. Súgþurrkunarkerfi með eða án blásara:  
Framlag 40% kostnaðar.
  - VIII. Garðávaxtageymslur steiptar með þaki úr varanlegu efni:  
Framlag 15% kostnaðar.
  - IX. Vatnsveitur til heimilis- og búsparfa (vatnsupptaka, þar með talin borun fyrir vatni, vatnsgeymar og vatnsleiðsla frá vatnsupptökum að vegg íbúðarhúss).  
Framlag  $\frac{1}{3}$  kostnaðar.

Búnaðarfélag Íslands og Teiknistofa landbúnaðarins láta sérfræðinga sína meta árlega kostnað hvernar tegundar framkvæmda, sem upp eru taldar í grein þessari.